



Reykjavík, 23.mái 2018

**Mál:** Umsögn umhverfis- og skipulagsviðs um frumvarp til að breytinga á lögum nr. 35/1970, um Kristnisjóð ofl. m.s.br.

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dagsett 3. maí sl. um frumvarp til breytinga á lögum um Kristnisjóð ofl. Í frumvarpinu er lagt til að eftirfarandi grein laganna verði felld niður (gr. 5): “Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni og er þá sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans ef um lögboðið prestssetur er að ræða.”

Umhverfis- og skipulagsvið Reykjavíkurborgar gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Það er tímabært að taka umrædd lagaákvæði til endurskoðunar eða fella á brott og er það í takti við þau jafnræðissjónarmið sem hefur verið fylgt við úthlutun Reykjavíkurborgar á lóðum til trúfélaga undanfarna tvo áratugi. Í gildandi skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru kirkjur ekki sérstaklega tilgreindar heldur trúarstofnanir. Í skilgreiningu svæða fyrir samfélagsþjónustu (gr. 6.2. d.) segir: „Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, **trúarstofnanir** og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.“ Í aðalskipulagi Reykjavíkur er ekki sett fram bindandi stefna um trúarstofnanir og landþörf þeirra, en almennt gert ráð fyrir að þær séu á svæðum fyrir samfélagsþjónustu, en geti einnig verið innan blandaðrar byggðar, á miðsvæðum, í íbúðarbyggð og opnum svæðum, samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi.

Haraldur Sigurðsson